

## SAMÞYKKT

### um fráveitur í Mýrdalshreppi.

#### I. KAFLI

##### Um fráveitur.

###### 1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitur í Mýrdalshreppi.

###### 2. gr.

Mýrdalshreppur starfrækir fráveitu í Vík. Sveitarsjóður kostar rekstur hennar og framkvæmdir við hana. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitu og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun sveitarsjóðs til reksturs og framkvæmda við hana. Mýrdalshreppur getur tekið að sér fráveitur á öðrum svæðum í sveitarfélaginu.

Skrifstofa Mýrdalshrepps fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitna sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar.

###### 3. gr.

Fráveiturnar veita fráveituvatni sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum fráveitulögnum.

Sveitarsjóður á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, hverfisrotþrær, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

###### 4. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær til skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðamörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigreini á holræsalögn. Byggingarfulltrúi sveitarfélagsins ákveður legu götuholræsa og tengigreina.

###### 5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofanvatni og bakrennslisvatni hitaveitu. Að öðru leyti er bent á ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

###### 6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitu sveitarfélagsins skal húseigandi leiða fráveituvatn frá húseigninni að rotþró eða safnbrunni þannig staðsettum að hægt sé að veita fráveituvatni frá honum í fráveitu sveitarfélagsins. Hafi fráveita ekki verið komin þegar húseign var byggð skal húseigandi kosta og tengja fráveitu húseignar sinnar við fráveitu sveitarfélagsins eftir að hún hefur verið lögð.

## 7. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær ekki til skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá fráræsum húseigna um rotþrær og siturleiðslur. Húseigandi kostar niðursetningu og annan frágang rotþróa og lagna svo og viðhald þeirra en sveitarstjórn getur sett sérstakar reglur um stuðning við framkvæmdirnar. Rotþró skal samþykkt af byggingarfulltrúa. Gerð og hönnunarforsendur rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar. Hverja rotþró skal hreinsa og tæma á tveggja til þriggja ára fresti samkvæmt nánari ákvæðum samþykktar þessarar.

Hreinsun er háð starfsleyfi í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Hreinsun fer fram á vegum Mýrdalshrepps og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Heilbrigðisnefnd ákveður verktilhögun og annað sem skiptir máli til að tryggja að góður árangur náist. Hreppsnefnd er heimilt að fela öðrum aðilum framkvæmd hreinsunar.

## 8. gr.

Þegar tengja skal fráveitu húseigna við fráveitu sveitarfélagsins eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró skal sækja um það til byggingarfulltrúa sveitarfélagsins á þar til gerðum eyðublöðum. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að vinna.

Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráveitum frá húseignum sem tengja á fráveitu sveitarfélagsins.

Umsóknum um rotþrær skulu fylgja teikningar sem sýni gerð þeirra, stærð og staðsetningu og siturleiðslur að viðtaka auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða. Rotþró skal valin þannig staður að auðvelt sé að komast að henni með tæki til hreinsunar, sbr. 11. gr.

## 9. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingarreglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

## 10. gr.

Byggingarfulltrúi sveitarfélagsins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar skal einnig taka út og viðurkenna fráveitu frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu sveitarfélagsins eða rotþrær.

## 11. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu sveitarfélagsins séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Mýrdalshreppi er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

## 12. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki.

Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns spilliefni, olíur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins. Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og reglugerða settum samkvæmt þeim.

## 13. gr.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um frá-ræsislagnir frá húseigendum vegna vatnsborðsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll.

## II. KAFLI

**Um fráveitu- og rotþróargjald.**

## 14. gr.

Sveitarfélagið skal innheimta gjald vegna tengingar og lagningar frárennislislagna frá lóðamörkum húseigenda við holræsakerfi sveitarfélagsins. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórn setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

## 15. gr.

Af þeim fasteignum í Mýrdalshreppi sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

## 16. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001.

## 17. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Fráveitugjald hvers árs skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til sveitarsjóðs Mýrdalshrepps. Fráveitugjaldið má taka lögtaki sem má gera í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

## 18. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald sem standa skal undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem sveitarstjórn setur og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Rotþróargjald hvers árs skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til sveitarsjóðs Mýrdalshrepps.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

19. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að nýta sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923 um sérstaka ívilnun gjaldanna og sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til. Aukagjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið

Einnig er sveitarstjórn heimilt að nýta sér heimild sbr. lög nr. 137/1995 um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

20. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum. Mál varðandi brot á samþykkt þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

21. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Mýrdalshrepps og staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti- og mengunarvarnir, með síðari breytingum, sbr. og 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923, til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 653/1994 um holræsi og holræsagjöld í Vík í Mýrdal.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Þrátt fyrir ákvæði 21. gr. öðlast ákvæði 14. gr. ekki gildi fyrir en 1. nóvember 2007.

*Umhverfissráðuneytinu, 6. mars 2007.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*